

Náttúrustofa Norðausturlands

Jökulsárgljúfur, 25. júní 2025

202505-0166/S.J.Á.

10.01.01

Efni: Leyfi til rannsókna í Vatnajökulspjóðgarði og á öðrum friðlýstum svæðum á Norðausturlandi

Náttúruverndarstofnun hefur mótttekið umsókn Náttúrustofu Norðausturlands, dagsett 30. maí 2025, um leyfi til rannsókna innan Vatnajökulspjóðgarðs og á friðlýstum svæðum á Norðausturlandi.

Vatnajökulspjóðgarður er friðlýstur samkvæmt [lögum nr. 60/2007](#). Samkvæmt 15. b. gr. laganna skal afla leyfis þjóðgarðsvarðar vegna rannsókna. Þjóðgarðsverði er heimilt að setja þau skilyrði fyrir leyfisveitingu sem nauðsynleg eru. skv. 2. mgr. Þjóðgarðsverði er heimilt að loka tímabundið einstökum svæðum þjóðgarðsins ef það er nauðsynlegt vegna viðburða eða verkefna sem veitt hefur verið leyfi fyrir.

Vöktun náttúruverndarsvæða skv. 74. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 á friðlýstum svæðum á norðaustursvæði utan Vatnajökulspjóðgarðs er ekki háð leyfi Náttúruverndarstofnunar. Stofnunin óskar eftir samráði vegna gerðar vöktunaráætlana fyrir friðlýst svæði þar sem þær eiga að vera hluti stjórnunar- og verndaráætlana friðlýstra svæða skv. ofangreindri lagagrein.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um rannsóknarleyfi innan ofangreindra friðlýstra svæða á Norðausturlandi. Annars vegar er óskað eftir ótímabundnu rannsóknarleyfi vegna fastra rannsóknarverkefna og hins vegar fyrir verkefni sem vinna á sumarið 2025 og eru hluti af verkefninu *Vöktun náttúruverndarsvæða*. Með umsókninni fylgdi greinargerð um rannsóknirnar og framkvæmd þeirra. Vísað er til greinargerðarinnar varðandi upplýsingar um staðsetningar, tíma og framkvæmd rannsókna.

Áhrifamat:

Náttúruverndarstofnun metur verkefnið jákvætt fyrir vernd og stýringu friðlýstra svæða og að það fellur undir ákvæði 74. gr. laga um náttúruvernd um vöktun og vöktunaráætlanir fyrir friðlýstu svæðin.

Niðurstaða

Náttúruverndarstofnun veitir Náttúrustofu Norðausturlands fyrir sitt leyti leyfi fyrir ótímabundnum rannsóknum og rannsóknarverkefnum fyrir árið 2025 innan ofangreindra friðlýstra svæða á Norðausturlandi sbr. lýsingu í greinargerð sem fylgdi umsókn og lýsingu hér að ofan að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Náttúruverndarstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vegi skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð rannsóknarsvæðis skal haldið í lágmarki.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast.
- Sýnataka er eingöngu fyrir ofangreint verkefni og óheimilt er að afhenda þriðja aðila sýnin í gróðaskyni.
- Sýnataka skal fara fram þar sem ummerki um hana eru ekki sýnileg gestum og afmá ummerki að sýnatöku lokinni.
- Stjórnandi drónans skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að flugið valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki og það skal fara fram utan þess tíma sem flestir gestir eru á svæðinu.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ef loftfarið brotlendir eða bilar skal ábyrgðarmaður þess sjá til þess að allir hlutar þess verði fjarlægðir.
- Af öryggisástæðum skal sá sem stjórnar ómönnuðu loftfari klæðast merktum fatnaði svo hægt sé að auðkenna viðkomandi.
- Ef fálkar eða ernir eru á flugi á svæðinu er óheimilt að setja drónann á loft.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Náttúruverndarstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Náttúruverndarstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðanna, að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfara í samræmi við reglugerð um ómönnuð loftför nr. [1360/2024](#).

Náttúruverndarstofnun óskar eftir því að fá aðgang að niðurstöðum ofangreindra rannsókna, sbr. 74. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Virðingarfyllst

Guðrún Jónsdóttir,
þjóðgarðsvörður